

Verkefni úr Hræringi 1985-2000

Ljóð tveggja kvenna, Vigdísar Grímsdóttur og Kristínar Ómarsdóttur

Byrjaðu á því að lesa vel það sem sagt er um höfundana Vigdísi Grímsdóttur og Kristínu Ómarsdóttur. Lestu síðan eftirfarandi sem er tekið af Bókmenntavef Borgarbókasafnsins (<http://www.bokmenntir.is/hofundur>), **Um höfundinn, og Úlfhildur Dagsdóttir skrifar um verk Kristínar Ómarsdóttur:**

Það er líka áhugavert að skoða þessi fyrstu ljóð Kristínar í samhengi við ljóð annarra skáldkvenna á þessum tíma (síðari hluta níunda áratugarins og fyrstu ár þess tíunda), en þar er ákveðin írónsk sjálfs-rýni sterkur þráður. Eða það var allavega niðurstaða mín í yfirlitsgrein frá árinu 1993 um ljóð yngri skáldkvenna, en þar fjallaði ég meðal annars um ljóð Kristínar, Lindu Vilhjálms, Margrétar Lóu, Steinunnar Sigurðardóttur og Vigdísar Grímsdóttur. (3) Í ljóðum frá þessum tíma myndast ný sýn á konuna; ný sýn kvenna á konuna. Þessi kona er ekki eins mikið að velta fyrir sér stöðu sinni í samfélaginu eins og hún er að kíkja á spegilmynd sína í hverju því yfirborði sem er tilbúið til að láta hana í té, og líka í þeim sem ekki gera það. Annað einkenni á ljóðum þessa tíma er erótískt "lesbískt" myndmál í mörgum ljóðanna, sem birtist í spegluninni í öðrum konum: í líkömum annarra kvenna. Þessi margfeldni helst í hendur við nýja umræðu um sjálfvitund kvenna - sem síðan endurspeglar sjálfvitund almennt - og tjáningu þeirra. Í stað þess að leita að sjálfmynd í ímyndaðri heild, er vitundin byggð upp úr brotum, einskonar klippimynd. Brotakenndir líkamar bjóða upp á óvenjulega orðræðu, sögu í ljóði, upplausn bókmenntategunda, írónska sjálfsrýni, nýtt líkamlegt tungumál kvenna um líkama sinn. Þetta tungumál getur verið hættuleg, byltingarkennt, stelpan í "Hlaupastelpu" Kristínar Ómarsdóttur minnir á að tunga hennar kann að hvolfá hugsunum okkar og hugmyndum og hin fínlega íróna (og stundum ekki svo fínleg) dregur allt í efa.

(Undirstrikanir í texta eru kennara)

Spurningin er: Falla eftirfarandi ljóð undir þessa mælistiku sem Úlfhildur Dagsdóttir setur ljóð nokkurra samtímaskáldkvenna hérna undir?

Rök fylgi svari, og með skírskotun í texta.

Ljóðbrot Vigdísar er úr ljóðabókinni *Lendar elskhugans* (1991) og er líka birt í bókmenntasögu. Ljóð Kristínar birtist stytta í bókmenntasögu, en er hér í fullri lengd. Gefðu sérstakan gaum að stílbrögðum í ljóði Kristínar.

Leiftrið blindaði augu mín.
Ég hringsnerist á akrinum.
Þá yfirbugaði röddin ótta minn.
Svipti svartri hulunni frá augum mínum.
Ég greindi lokkandi hljóminn.
Eirðarlaus orðin.
Ákall til annarrar konu.
Ákall til annarrar lifandi konu:

Elskan mín!

bein mín skína
ljóma
í geisla
frá nýkveiktu tungli

klæðum þau
holdinu
forna og hvíta
og ormarnir sofna

stígum
lífsvalsinn mjúka aftur
og stráin lifna

vökum og kætumst

elskumst
í villtri jörðinni.

(Vigdís Grímsdóttir)

Hlaupastelpa

Ég er hlaupastelpa
og húmið býr
í augum mínum.

Ég
leita á nóttina.

Varir mínar

drekka svita
og þorsta;

varir mínar
fríðu blíðu.

Tunga mín er töm
og kann að hvolfa hugum;
að eigir þú hugsanir,
einsog grjót einsog spjót,
þá renna þær niður dalinn,
-beint í sjó!
Og ganga aldrei aldrei
meir
á hækjum sér
inní þér.

Munnur minn er kræklingur.
Skaut mitt á bragðið einsog rækja.

Brjóstin hvít og mjúk
eins og gellur.

Fætturnir spírur,
-alltaf á iði!

Ég er glæný hlaupastelpa
með eld í maganum
og hlaupasting í hnjánum.

Alveg nývaxin,
-óx upp í fyrra!

Pabbi kallar mig blóm
og mamma skilur ekki bofs.

Nei!
Ég er ekki þurr kleina
sem þú étur með mjólk.
Ég er kræklingur,
rækja og gella.
-Ný kartafla um haust
með salti og sméri.

Verkefni í tengslum við bókmenntasöguna *Tíminn er eins og vatnið*
Brynja og Hallfríður

Húðin ísköld mjólk;
sundum volg
stundum flóuð.

—

Og nasir mínar
hundóttar
þig þig og
þefa þig uppi.

-Ég veit alveg hvar við finnumst-

(Kristín Ómarsdóttir)